



Íbúaráð Laugardals

Umsögn um erindi íbúa um smáhýsi í Laugardal

Vísað er til erindis íbúa með spurningum um smáhýsi í Laugardal, dags. 12. október 2022, sem vísað var til umsagnar velferðarsviðs á fundi íbúaráðs Laugardals 14. nóvember sl. Erindið barst velferðarsviði með bréfi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 16. nóvember sl.

Umsögn:

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum á miðvikudaginn 23. febrúar 2022 breytingu á deiliskipulagi í austurhluta Laugardals, sem felur í sér að afmörkuð er lóð undir allt að fimm smáhýsi fyrir heimilislausu Reykvíkinga, skjólstæðinga velferðarsviðs borgarinnar. Úrræðið á að vera tímabundið og víkjandi í skipulagi og því ekki að hafa áhrif á langtímanotkunarmöguleika svæðisins.

Umhverfis- og skipulagssvið hefur yfirumsjón með framkvæmd smáhúsaverkefnisins m.a. uppsetningu þeirra og frágang lóðar.

Velferðarsvið sér um úthlutanir á félagslegu leiguhúsnæði, m.a. á smáhúsum, tekur þátt í stefnumótun varðandi málaflokkinn og metur þörf á húsnæðisuppbyggingu.

Hér á eftir fara svör við þeim spurningum sem snúa að þeim þáttum verkefnisins sem velferðarsvið hefur umsjón með.

Verkefnið:

Hvaða úrræði / Þjónusta standa íbúum smáhýsanna til boða?

Svar: Sú þjónusta sem hver og einn íbúi er metinn í þörf fyrir og er til þess gerð að styðja við farsæla búsetu. Velferðarsvið veitir ýmsa þjónustu til íbúa í sjálfstæðri búsetu eftir þörfum hvers og eins. Má þar t.d. nefna félagslega ráðgjöf, heimastuðning og heimahjúkrun. Vettvangs- og ráðgjafateymi heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir (VoR-teymið) veitir þeim íbúum sem á þurfa að halda jafnframt ráðgjöf og stuðning.

Hvernig er valið í húsin?

Svar: Úthlutað er af biðlista eftir húsnæði fyrir heimilislausu, þeim sem hægt er að veita þá þjónustu sem þeir eru í þörf fyrir, svo búsetan verði farsæl.

Hvernig verður öryggismálum háttað?

Svar: Vettvangs- og ráðgjafateymi velferðarsviðs sem og ráðgjafar á miðstöðvum Reykjavíkurborgar veita íbúum, sem á þurfa að halda, þjónustu og stuðning eftir þörfum hvers og eins. Ekki er tilefni til að ætla að huga þurfi að sérstökum öryggismálum í nálægð við umrædd smáhús en ef upp koma slík mál þá eru þau unnin í samvinnu við lögreglu. Vettvangs- og ráðgjafateymið mun eftir þörfum bregðast við ef upp koma ábendingar eða aðstæður sem sérstaklega þarf að huga að.

Áhrif verkefnisins á félagslega þætti barna sökum nálægðar við skóla-, íþrótt- og tómstundarstarf:

Svar: Velferðarstefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn 15. júní 2021. Þar kemur fram að markmið stefnunnar sé að „auka lífsgæði, stuðla að því að allir Reykjavíkingar eigi kost á að lifa með reisn og tryggja að Reykjavík sé sannarlega fyrir okkur öll“. Það að sá einstaklingur sem hefur verið heimilislaus fái öruggt húsnæði á ákveðnum stað kallar ekki á meiri ógn við samfélagið en ef viðkomandi einstaklingur hefur hvergi haft höfði sínu að halla. Því er afar mikilvægt að innan fjölskyldna, skóla, íþrótt- og félagsstarfs sé þetta verkefni rætt á grundvelli samkenndar, umburðarlyndis og víðsýni. „Heimilislaust fólk“ tekur þátt í samfélaginu eins og aðrir, það tekur strætó, fer á bókasófn, á heilsugæslu, kaffihús og fleiri staði þar sem börn koma og sækja. Ekki er tekið undir að fyrirhuguð smáhús muni hafa neikvæð áhrif á félagslega þætti barna enda munu íbúar húsnæða vera þeir einstaklingar sem metnir eru að geti búið sjálfstætt með þeirri þjónustu sem hver og einn þarfnast.

Hvað er stofnkostnaðurinn við þessi hús?

Svar: Áætlaður kostnaður varðandi uppbyggingu smáhúsa í Laugardal er um 162,5 m.kr en endanlegur kostnaður liggur ekki fyrir.

Hver er áætlaður rekstrarkostnaður á þessu verkefni

Svar: Þar sem húsin eru hluti af félagslegu húsnæði Reykjavíkurborgar eru húsin leigð út til einstaklinga sem eru heimilislausir. Þjónustubörf leigjenda er mismunandi og mun Vettvangs- og ráðgjafateymi velferðarsviðs og ráðgjafar miðstöðva Reykjavíkurborgar annast þjónustu og stuðning við íbúa eftir þörfum hvers og eins.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á afgreiðslu erindisins.

Virðingarfyllt

Rannveig Einarsdóttir

sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Erindi íbúa með spurningum um smáhýsi í Laugardal, dags. 12. október 2022, lagt fram á fundi íbúaráðs Laugardals, 14. nóvember 2022.